

ingu, hjá aðalstefndu, á því, að hann myndi ekki síðar — og sist eftir að börnin voru komin eða voru að komast af émagaldri — koma fram með fjárkröfur á hendur henni út af skuldaskiptum þeirra frá hjúskaparárunum.

Rétturinn verður því að líta svo á, að umrædd krafa aðalstefnanda, sé ekki á rökum reist. Ber því að sýkna aðalstefndu í aðalmálinu.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsökinni eru á því reistar, að aðalstefnandi skuldi henni hina umstefndu upphæð sökum útgjalda hennar sjálfrar hennar og barnanna vegna, á tímabilinu frá 1. jan. 1924 til 1. október 1931.

Að því er snertir útgjöld gagnstefnanda fram til þess, er málsaðiljar skilja að borði og sæng 8. júlí 1927, getur hún af sömu ástæðum og tilfærðar eru hér að framan um kröfu aðalstefnanda í aðalmálinu, enga kröfu gert á hendur honum, og ber því að sýkna aðalstefnanda af þeim hluta kröfunnar. En að því er snertir kostnað eftir að leyfið til skilnaðar að borði og sæng var veitt, þá heyrir undir umboðsvaldið að úrskurða um þær og visast því kröfu gagnstefnanda að því leyti frá dómi.

Eftir þessum úrslitum og með tilliti til þess hversu háa kröfu gagnstefnandi gerði í gagnsökinni, þykir rétt að málskostnaður á báðar hliðar falli niður.

Föstudaginn 12. júní 1936.

Nr. 31/1936. **Óskar Finnsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Kaupfélagi Héraðsbúa (Enginn).

Dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt sökum galla á stefnubirtingu.

Dómur gestaréttar Suður-Múlasýslu 12. okt 1935: Stefndur, Óskar Finnsson, greiði stefnanda, Kaupfélagi Héraðsbúa, kr. 148.40 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1935 til greiðsludags og í málskostnað 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu stefnda, sem hefir verið löglega birt hæstaréttarstefna, útgefin 19. marz þ. á., hefir ekki verið mætt fyrir hæstarétti í máli þessu, og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Áfrýjandi, sem ekki mætti í málinu í héraði, krefst ómerkingar á hinum áfrýjaða dómi og frávisunar málsins frá héraðsdómi, svo og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Byggir hann ómerkingar- og frávisunarkröfu sína á því, að í eftirriti því af héraðsdómsstefnunni, sem stefnuvottar afhentu honum, stóð óútfyllt eyða fyrir dag og stund, er málið skyldi þingfesta, og hafi hann því ekki vitað eða ekki munað, hve nær málið átti að þingfesta, og þess vegna ekki mætt í því. Stefnuvottarnir hafa að visu vottað það, að þeir hafi birt stefnuna fyrir áfrýjanda sjálfum á heimili hans, en jafnvel þótt þeir kunni að hafa lesið stefnuna upp fyrir áfrýjanda, þá verður ekki talið, að það eitt fullnægi ákvæðum 9. gr. laga nr. 63/1917 um birtingu stefnu, því að samkvæmt 2. málsgrein sömu greinar skal afhenda stefnda eftirrit af stefnu. Og virðist slíkt boð í þeim tilgangi sett, að stefndi þurfi ekki að treysta minni sínu um það, er í stefnu kann að standa og stefnuvottar kunna að hafa lesið fyrir honum, heldur geti hann jafnan sannreynt þau atriði með eftirriti stefnunnar. Þar sem áfrýjandi mætti ekki í málinu af því að hann vissi ekki eða mundi ekki, hve nær það skyldi þingfesta, og með því að telja má, að þetta hafi stafað af framannefndum galla á eftirriti því,

er honum var afhent af stefnunni, þá verður að taka kröfu hans um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og frávísun málsins frá héraðsdómi til greina. En af frávísun málsins frá héraðsdómi leiðir og, að ómerkja verður einnig alla málsmeðferð í héraði.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur, og öll málsmeðferðin í héraði, á að vera ómerkur og vísast málinu frá héraðsdómi. Stefndi, Kaupfélag Héraðsbúa, greiði áfrýjanda, Óskari Finnssyni, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Kaupfélag Héraðsbúa á Reyðarfirði höfðað fyrir gestarétti Suður-Múlasýslu með heimild í lögum nr. 59 frá 1905, gegn stefndum Óskari Finnssyni á Seyðisfirði til greiðslu á verzlunarskuld að upphæð kr. 148.40.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér hina umstefndu fjárhæð kr. 148.40 með 6% vöxtum frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur mætti hvorki né lét mæta í málinu og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið samkv. framlögðum skjölum og skilríkjum og með því að stefnandi hefir lagt fram reikning yfir viðskiptin verður að taka kröfur hans til greina þó þannig að vextir skulu vera 5%. Málskostnaður þykir hæfilega metinn 30 kr.